Ályktun um gjöld á hringsiglingaskip

71. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, haldið á Patreksfirði 27.–28. október 2026, hvetur stjórnvöld til endurskoða skattlagningu af skemmtiferðaskipum er varðar regluverk um hringferða- og leiðangursskip.

Komur hringsiglinga- og leiðangursskipa eru mikilvægar og hafa fram til ársins 2026 verið vaxandi atvinnugrein fyrir minni hafnir og sveitarfélög á Vestfjörðum. Skipakomur skila hafnarsjóðum tekjum sem standa undir rekstri og uppbyggingu hafna. Þær skapa einnig störf og viðskipti hjá ferðaþjónustu, verslun og þjónustu í heimabyggð. Smærri skip í hringsiglingum koma á staði sem stærri skip heimsækja ekki og hafa skapað ný tækifæri fyrir ferðaþjónustuaðila á þeim stöðum. Þau dreifa þannig ávinningi ferðaþjónustunnar um landið til nýrra staða sem eru jafnframt viðkvæmastir fyrir fækkum skipa vegna aukinnar gjaldtöku.

Fjórðungsþing leggur sérstaka áherslu á stöðugleika og fyrirsjáanleika í gjaldtöku. Skipafélög skipuleggja siglingar nokkur ár fram í tímann og breytingar með skömmum fyrirvara valda tjóni sem erfitt er að bæta. Skorar Fjórðungsþing Vestfirðinga á Alþingi og fjármála- og efnahagsráðherra að endurskoða og einfalda regluverk varðandi hringsiglinga- og leiðangursskip og tryggja fyrirsjáanleika í þessari mikilvægu atvinnugrein.